

Alþingi
Erindi nr. P 138/767
komudagur 15.12.2009

14.12.2009
Fjármálaráðuneytið

2. Mál nr. 239 (ráðstafanir í skattamálum)

2.1 VII. kafli – virðisaukaskattur. a. Upplýsingar um þær vörur sem eiga að falla undir nýja 14% þrepið.

Svar a: Í eftirfarandi töflu er tilgreint nánar hvaða matvörur myndu bera 14% virðisaukaskatt skv. frumvarpinu:

Sykur
Sætindi t.d. lakkrís, brjóstsykur og karamellur
Kakaóduft með sykri eða sætuefni
Flestar súkkulaðivörur, þó ekki t.d. morgunverðarkorn
Ýmis konar sætakex
Kökur,
Ávaxtasafi og matjurtasafi
Ávaxtaþykkni
Síróp
Áfengisblöndur með minna en 2,25% vínanda til framleiðslu á drykkjarvörum
Gosdrykkir
Orkudrykkir og ávaxtadrykkir (Svali)
Öl, vín og áfengisblöndur sem innihalda minna en 2,25% vínanda

b. Beðið er um viðbrögð við umsögn Lýðheilsustöðvar og að breyttum breytanda varðandi vörugjöld.

Svar b: Ábendingar vegna eftirfarandi tollskrárnúmera koma fram í umsögn Lýðheilsustöðvar:

1704.9008 Sætindi án glútens og próteins og sérstaklega tilreidd fyrir ofnæmis- og efnaskiptasjúklinga.
2106.9072 Sælgæti sem hvorki inniheldur sykur né kakaó

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóra hefur allt sælgæti verið tollafgreitt eins hvort sem það inniheldur sykur eða ekki og því var tollskrárnúmerið 2106.9072 sett í hóp þeirra númera sem lagt er til að beri 14% virðisaukaskatt. Vörur sem eru sérstaklega tilreiddar fyrir sjúklinga voru almennt undanskildar og því væri eðlilegt að tollskrárnúmerið 1704.9008 myndi áfram bera 7% virðisaukaskatt.

1806.2007, 1806.9027, 1904.1002 morgunverðarkorn
1905.3132 Sætakex og smákökur, sem innihalda minna en 20% af sykri

Lagt var til að morgunverðarkorn og ofangreint sætakex myndi áfram bera 7% virðisaukaskatt þrátt fyrir að þau innihéldu sykur og/eda súkkulaði.

1806.9011 Tilreidd drykkjarvöruefni að uppistöðu úr vörum í nr. 0401 til nr. 0404, sem inniheldur 5% eða meira af kakaódufti, miðað við þyngd reiknað út frá algerlega fitusneyddum grunni, ót. a., sykur eða annað sætuefni, auk annarra minniháttar efnisþátta og bragð
1806.9019 Annars

2202.9011-2202.9019 Úr mjólkurafurðum og öðrum efnisþáttum, enda séu mjólkurafurðir 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða

Lagt var til að tollskrárnúmerið 1806.9011 sem innheldur m.a. kakóduftið „Sviss Miss“ myndi bera 14% virðisaukaskatt en allar mjólkurvörur myndu áfram bera 7% virðisaukaskatt.

1703.1001-1703.9009 Melassi

Í breytingartillögu frá ráðuneytinu er lagt til að allur melassi (sykur) í þessum tollskrárnúmerum muni bera 14% virðisaukaskatt. Melassi til fôðurgerðar myndi áfram vera í efsta þrepinu og bera 25% virðisaukaskatt.

2.2 41. gr. – Útgreiðsla séreignarsparnaðar. a. Beðið er um viðbrögð við umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða m.a. varðandi það atriði að mánaðarleg úttekt sé ein fjárhæð.

Svar a: Sérfræðingar fjármálaráðuneytisins ræddu á fyrri stigum við fulltrúa lífeyrissjóðanna um framkomnar tillögur og nánari útfærslur á þeim. Jafnframt hafa þær verið ræddar við starfsmenn ríkisskattstjóra, en það embætti hefur eftirlit með útgreiðslunum. Þetta samráð er enn í gangi og er nú unnið að breytingartillögu frá ráðuneytinu, m.a. vegna þeirra athugasemda sem fram eru komnar að hálfu lífeyrissjóðanna.

b. Beðið er um viðbrögð við umsögn Tryggingastofnunar ríkisins

Svar b: Eins og fram kemur í umsögn Tryggingastofnunar hefur útgreiðsla séreignarsparnaðar ekki skerðingaráhrif á bætur skv. lögum um almannatryggingar eða lög um félagslega aðstoð, en sama gildi ekki um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna. Hér er fyrst og fremst um pólitíska spurningu að ræða, þ.e. hversu langt á að ganga í því að taka úr sambandi tekjutengdar bætur í tengslum við útgreiðslu séreignarsparnað. Hér standa rök bæði með og á móti að mati ráðuneytisins.

2.3 1. og 2. gr. - Beðið er um viðbrögð við umsögn Skeljungs, þ.e. um mun á álagningu olíu og bensíns.

Svar: Sérfræðingum ráðuneytisins er ekki alveg ljóst hvað umsagnaraðilinn á við með miklum mun á álagningu vörugjalda á olíu annars vegar og bensín hins vegar og nefnir í því sambandi 28% mun. Í dag er olíugjald á hvern lítra af dísilolíu 51,12 krónur. Í frumvarpinu er lögð til 1,65 króna hækkun á því, auk þess sem tekinn verði upp kolefnisskattur (frumvarp um umhverfis- og auðlindaskatt), 2,90 kr. á hvern lítra. Verði bæði frumvörpin að lögum verður olíugjaldið að viðbættu kolefnisgjaldi 55,67 krónur. Almenn vörugjald af blýlausu bensíni er í dag 20,44 krónur á hvern lítra. Frumvarpið gerir ráð fyrir að það gjald hækki um 2,50 krónur. Þá er í frumvarpi um umhverfis- og auðlindaskatt lagt til að tekið verði upp 2,60 króna kolefnisgjald á hvern lítra af bensíni. Jafnframt er lagt sérstakt vörugjald á bensín sem er markaður tekjustofn til vegagerðar sem helst óbreytt, eða 37,07 krónur á lítra. Vörugjöld á hvern lítra af bensíni verða því 62,61 krónur náí tillögur frumvarpsins fram að ganga. Þetta þýðir að vörugjöld af hverjum lítra af bensíni eru 12,5% hærri en vörugjöld af dísilolíu. Stefna stjórnvalda hefur verið sú að hvetja til kaupa á dísilbifreiðum sem eru almennt sparneytnari en bensínbílastir, en að sama skapi heldur dýrari í innkaupum. Mismunur í gjaldtöku, dísilolíu í vil, er í takt við þá stefnu.

2.4 Athugasemdir RSK við einstök ákvæði frumvarpsins.

Svar: Ríkisskattstjóri leggur til breytingu á b-lið b-liðs 15. gr. frumvarpsins þannig að hún verði svohljóðandi:

„Sala á þeirri matvöru og annarri vöru til manneðis sem ekki er skilgreind í viðauka við lög þessi, þó ekki sala á áfengi”.

Ráðuneytið er sammála þessari tillögu RSK og mun leggja til við nefndina að frumvarpinu verði breytt til samræmis við hana. Ráðuneytið tekur einnig undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn ríkisskattstjóra að upptaka nýs þreps í virðisaukaskatti ásamt því að hafa sölu á matvöru og veitingaþjónustu í mismunandi þrepi muni gera framkvæmd laganna flóknari.

2.5 Umsögn Hrannar Harðardóttur f.h. Tónastöðvarinnar.

Svar: Virðisaukaskattur í hærri þrepi á nótnabækur hefur verið til skoðunar í ráðuneytinu að undanfögnu, m.a. í samráði við menntamálaráðuneytið, en niðurstaða liggur enn ekki fyrir. Skilyrði þess að bækur beri 7% virðisaukaskatt er að þær innhaldi texta samkvæmt leiðbeiningarreglum frá ríkisskattstjóra. Sama gildir því t.d. um landakort. Að mati ráðuneytisins er brýnt að sérfræðingar þess í samvinnu við þá aðila sem málið varðar ljúki athugun sinni áður en frekari skref eru tekin.

2.6 Meðferð virðisaukaskatts á rafbækur.

Svar: Túlkun á virðisaukaskattslögunum hefur verið sú að sala á texta yfir netið jafngildi ekki sölu bókar og því ber slík sala 24,5% virðisaukaskatt. Sama á við um aðra sölu á netinu eins og t.d. sölu á tónlist en sala geisladiska ber 7% virðisaukaskatt á meðan sala tónlistar á netinu ber 24,5% virðisaukaskatt. Að mati ráðuneytisins þarf að skoða þetta mál í víðara samhengi áður en lengra er haldið.